

N-lax ehf.  
Laxamýri  
641 Húsavík

Reykjavík, 4. október 2019  
UST201901-269/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 10.07. 2019, hjá N-Lax Auðbrekku.**


Þann 10. júlí sl. fór fram eftirlit í N-Lax, Auðbrekku. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 18 í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats skal liggja fyrir. Áhættumat hefur ekki verið gert fyrir starfssemina.
2. Umfang starfsleyfis. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Miðað við uppgefna fóðurnotkun og fóðurstuðul er framleiðsla stöðvarinnar umfram þau tæpu 20 tonn sem eru talin upp í framleiðsluskýrslu rekstraraðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. október, 2019.

Virðingarfyllt

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: N-Lax	Dags. eftirlits: 10.07.2019	Staðsetning stöðvar: Auðbrekku	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 551009-1220	Gildistími starfsleyfis: 20.03.2023	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Tvö ker úti og 8 minni ker inni. Allur fiskur í stöðinni er matfiskur, regnbogasilungur. Skv. framleiðsluskýrslu var tæpum 20 tonnum slátrað á árinu, meðalþyngd 1400 g og birgðir í lok árs um sex tonn. Ekki kemur fram hver lífmassi var í stöðinni í byrjun árs.  Skv. framleiðsluskýrslu var fódurnotkun ársins 2018 30 tonn en skv. útreikningum rekstraraðila vegna losunar fosfórs er miðað við fódurstuðul 1,3 sem bendir til framleiðslu um 23 tonna af fiski.
Breytingar á starfssemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið er að setja rist í brunn í kjölfar óhapps 2018 til að koma í veg fyrir að slysasleppingafiskur komist í fráveitukerfi Húsavíkur.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru sameiginlegar með starfssemi N-Lax Laxamýri. Aðskilja þarf skráningar um framleiðslu, afföll, fódurnotkun, lyfjanotkun og úrgang.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna	X		X	Áætlun liggur fyrir v. slysasleppinga í kjölfar slyss í fyrra.  Skv. 18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal gera viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar byggða á áhættumat.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Stofnunin óskar eftir uppfærslu viðbragðsáætlunar rekstraraðila með hliðsjón af því og leiðbeiningum sem voru sendar þann 1. ágúst sl.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Gilt skírteini til 31.10.19
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Leiðbeiningar voru sendar rekstraraðila 1. ágúst sl. og skv. upplýsingum frá rekstraraðila 16. ágúst stóð til að hefja vinnu við gerð áætlana v. rekstrarstöðvunar.  Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar barst stofnuninni 29. september.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fæðingjörð þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Handgefið er einu sinni á dag og fylgst með hvernig fiskur tekur.
Er skráning á losun fósfora og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X	X		Reiknað frá fæðnotkun.  Miðað er við 20 tonna ársframleiðslu í útreikningum, fæðurstuðul 1,3 og rennsli 35 L/s. Skv. útreikningum rekstraraðila losar eldið því 1,21 tonn á ári (60,5 kg/ framleitt tonn) af föstu og uppleystu köfnunarefni og 0,21 tonn á ári (10,5 kg/ framleitt tonn) af föstum og uppleystum fosfór.  Ólíklegt er að samsetning fæðurs (og þar með losun) í Auðbrekku og Laxamýri sé sú sama, þar sem í Laxamýri eru m.a. fæðruð lítil laxaseiði en í Auðbrekku einungis regnbogasilungur upp í sláturstærð.  Skv. gögnum frá rekstraraðila var fæðnotkun hinsvegar 30 tonn sem er meira en er miðað við í losunarútreikningum, svo losunin í

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

	X			<p>tonnum á ári er eitthvað hærra en hér er gert ráð fyrir.</p> <p>Ekki eru til staðar hámarksörk um losun efna í frárennsli í starfsleyfi.</p> <p>Með vísan í alls ofangreinds óskar eftirlitsaðili því eftir frekari gögnum um þessa útreikninga.</p> <p>Seinasta mæling var í október 2018 og mældi Sýni ehf.</p>
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?</p>	X			<p>Frárennsli fer í brunn og þaðan í fráveitukerfi Húsavíkur, svo ekki er um að ræða eiginlega útrás frárennslis frá Auðbrekku.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>	X			<p>Rennsli úr kerjum fer í gegnum ristar, í gegnum brunn fyrir neðan hús. Þar hefur verið komið rist í kjölfar óhapps. Úr brunni fer frárennslið inn í fráveitu bæjarinnis og eftir um 1,2 km út í sjó með öðru skólpi.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>	X			<p>Sjór.</p>
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>			X	
<p>Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?</p>	X			<p>Sameiginlegar skráningar eru með Laxamýri. Aðskilja þarf skráningarnar</p> <p>Gámaþjónusta sér um móttöku dauðfisks, en einnig er reynt að koma fiski í refaföður eða til Arctic Protein.</p>
<p>Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?</p>	X			<p>Skv. vöktunaráætlun skal mæla P, N, COD og svifagnir þriðja hvert ár.</p>
<p>Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.</p>	X			<p>Niðurstöðum mælinga var skilað.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			2021 skv. vöktunaráætlun  Sýni ehf.

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
Eitt frávik kom fram við fyrirvaralaust eftirlit ársins 2018 er varðaði frágang á búnaði en engar ábendingar voru gerðar.	
<b>Samantekt:</b>	<p>Lítill stöð í hlíðinni fyrir ofan Húsavík sem elur eingöngu regbogasilung til slátrunar. Leyfi er þó einnig til eldis bleikju eða villtra laxaseiða.</p> <p>Aðskilja þarf skráningar frá skráningum í Laxamýri.</p> <p>Upplýsingar um losun eldisins á fosfór þurfa að vera skýrari og þau gögn sem útreikningarnir byggja á réttum gögnum, þ.e. raunframleiðslu og -fóðurnotkun.</p> <p>Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang og að áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sbr. 18. gr. laga 33/2004 vantar.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar eftir því að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í landi og starfi í samræmi við þau.</p>
<b>Annað:</b>	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

N-Lax ehf. Auðbrekka 9



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	10.7.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	N-Lax ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Auðbrekka 9	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	551009-1220	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón H. Vigfússon	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón H. Björnsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTADA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang og áhættumat og viðbragðsáætlun. Þremur ábendingum er komið á framfæri er varða losun eldis á fosfór, skráningar og að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

Gr. 18 í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats skal liggja fyrir. Áhættumat hefur ekki verið gert fyrir starfsseminna.

Umfangi starfsleyfis

Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Miðað við uppgefna fôðurnotkun og fôðurstuðul er framleiðsla stöðvarinnar umfram þau tæpu 20 tonn sem eru talin upp í framleiðsluskýrslu rekstraraðila.

## ÁBENDINGAR

Bent er á að aðskilja þarf skráningar frá skráningum vegna Laxamýri, þar sem um tvö aðskilin starfsleyfi er að ræða. Rekstraraðila er bent á að losunarheimild í sjó í leyfum gefnum út af UST er 9 kg P/tonn og óskar eftirlitsaðili eftir því að fá nánari útlistun á forsendum losunarútreikninga, sbr. upptalningu í gátlista.

Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi, sem honum hafa verið send í tölvupósti, og starfi í samræmi við þau.

## ANNAD


Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Eftirlitsaðili óskaði eftir að gerð væri neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar barst 29. sept sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2019

  
Hulda Soffía Jónasdóttir